

Landmótun ehf  
Yngvi Þór Loftsson  
Hamraborg 12 5h  
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun
Áb.
19. jan. 2012
<u>10.4.2</u>
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. janúar 2012  
Tilvísun: UST20111200112/ss

## Efni; Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 16. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

### Markmið

Tilgangur fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er annars vegar að afla íbúum í Tálknafirði nægilegs heits vatns og nýta það vatn sem kemur frá fyrirhugaðri borun til reksturs hitaveitu fyrir þorpið á Tálknafirði. Hins vegar að vinna vatn úr sjálfsrennslisholum til útflutnings á vatni.

### Almennt um breytinguna

Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 er í 5 liðum og eru eftirfarandi:

1. Breyting á köflum 2.3.3 og kafla 3.6 um iðnaðarsvæði þar sem um er að ræða breytingu vegna fyrirhugaðar heitavatnsborholu í Sveinseyrarhlíð og stækkan iðnaðarsvæðis I2 og I3 um 0,1 ha til norðurs innan þéttbýlisins.
2. Breyting á kafla 2.4.3 vegna afmörkun nýs vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar vegna neysluvatns. Afmarkað verður vatnsverndarsvæði í kringum 19 borholur fyrir kalt vatn. Í greinagerð segir að ekki er talið nauðsynlegt að girða svæðið af miðað við núverandi landnotkun.
3. Færsla á frístundabyggðasvæði F2 samfara afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar og er það fært út fyrir grannsvæði vatnsverndar. Stærð svæðis verður 1 ha í stað 2 ha.
4. Breyting á kafla 3.9, nýtt opið svæði til sérstakra nota í landi Sveinseyrar. Um er að ræða 3 ha svæði í tengslum við frístundabyggðina. Svæði Ú7 minnkar um 0,1 ha vegna stækunar iðnaðarsvæðis I2 og I3.
5. Breyting á köflum 2.5.4 og 3.13.1 um hitaveitu þar sem lögð verður hitaveitulögn sem liggar frá borholu til þéttbýlisins í Tálknafirði.

## Framkvæmdir

Framkvæmdarsvæðið fyrir heitavatns borholu er um 2 ha og nær frá núverandi borholu LL-02 niður fyrir þjóðveginn að sjó. Samkvæmt greinagerð hefur Skipulagsstofnun úrskurðað þann 27. júlí síðastliðinn að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki matsskyld. Í greinagerð segir að ef fyrirhuguð borhola reynist vel þarf einnig að leggja um 4 km heitavatnslögn til Tálknafjarðar sem liggja mun að mestu leyti meðfram eldri lögn sem síðan mun fylgja Tálknafjarðavegi inn í þéttbýlið til þess að minnka rask. Að loknum frágangi munu mannvirki sem reisa þarf breyta ásýnd svæðisins þar sem ekki voru áður byggingar neðan vegar. Umhverfisstofnun tekur undir áform um að lágmarka rask með lagningu heitavatnslagnar um þegar raskað svæði og leggur áherslu á að frágangur á heitavatnslögn verði vandaður að framkvæmdum loknum. Stofnunin bendir einnig á að í 35 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um hönnun mannvirkja segir „við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands“.

Áætlað er að kaldavatns borholur verði 19 talsins í landi Sveinseyrar og er áætlað að vinna vatn úr sjálffrennslisholum til útflutnings á vatni. Vinnsla á grunnvatni fellur undir viðauka 2. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, í lið 10. j segir „vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns“. Umhverfisstofnun bendir því á að framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Fyrirhugað er að leggja sjólögn neðan Deildargils sem mun ná 700 m út fyrir ströndina að mögulegu legubóli fyrir skip sem taka á móti vatninu. Lagning á sjólögn fellur undir lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda en í 9.gr laganna segir að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna sé háð samþykki Umhverfisstofnunar.

## Landslag, gróðurfar og náttúruminjar

Framkvæmdarsvæði er ekki innan svæðis á náttúrminjaskrá. Samkvæmt greinagerð er landslag aflíðandi graslendi og heitavatnsborholan er staðsett á bakka neðan þjóðvegar. Suður af holunni er 15 m hár sjávarbakki. Gróðurfar einkennist af graslendi en ofan vegar eru móar og myrradrög. Þá segir að áhrif á gróður verði takmörkuð við borteiginn en um er að ræða raskað graslendi sem er einkennandi fyrir svæðið og ekki er vitað um neinar plöntur á válista innan framkvæmdarsvæðis. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að frágangur við heitavatnsborholu verði vandaður að framkvæmdum loknum og að öllu raski verði haldið í lágmarki.

## Niðurstaða

Í umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 6. september síðastliðinn benti stofnunin á að frágangur við eldri hitaveitulagnir væru slæmar og ítrekar að kostur væri ef unnt er að bæta úr því samfara lagningu nýtra lagna.

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Virðingarfyllst

H. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur